



10. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 31. mars 2000

- Dagskrá:
1. Kjarasamningar kynntir
 2. Sambandstjórnarfundur.
 3. Félagsgjöld.
 4. Orlofsmál

Fundur settur kl 12:00

1. Kjarasamningar.

Kjarasamningur milli Rafiðnaðarsambandsins annars vegar og Samtaka atvinnulífsins og Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði hins vegar var lagður fram til kynningar.

Launatöflur Iðnnema náðu hvað mestri hækkun eða um og yfir 30%.

Það tókst að ná 10. taxta inn sem gólfi fyrir sveina sem bera tæknilega ábyrgð á vinnustað. Ákvæðisvinnugrundvöllurinn var hækkaður sérstaklega um 2% þar sem hann hefur dregist verulega aftur úr við þær aðgerðir að hækka lágstu launin sérstaklega, einnig verður kerfið endurskoðað í sumar. Fram kom gagnrýni um að hér væri um of langan samning að ræða miðað við efnahagsástandið. Einnig kom fram að enn einu sinni væri farið fram á ábyrgð verkalýðshreyfingarinnar á stöðugleikanum. Þá urðu nokkrar umræður um stöðu ASÍ og forystuleysi þeirra í þessari samningalotu.

Samningur RSÍ við Íslenska Útvarpsfélagið var kynntur, fram kom að heildarlaunahækkun lágmarkslauna á samningstímanum yrði um 38%.

Gengið hefur verið frá samningi við Eimskip.

Lítið hefur verið fundað með ríki og Reykjavíkurborg.

Fundur verður með ríkinu eftir helgi og líkur eru á vísun til ríkissáttasemjara.

Vegna Áburðarverksmiðjúsamningsins kom fram að vilji Iðnaðarmanna er til þess að hætta allri aðild að honum. Samþykkt var að skrifa Kaupskrárnefnd bréf þar sem viðmiðun við Áburðarverksmiðjúsamninginn yrði hafnað vegna breytinga á forsendum.

RSÍ og Samiðn hafa ekki áhuga á að endurnýja virkjanasamninginn án áherslubreytinga.

2. Sambandstjórnarfundur.

Næsti sambandsstjórnarfundur verður 12. maí í nýja RSÍ húsinu að Stórhöfða.

3. Félagsgjöld.

Fram kom tillaga um að breyta innheimtustofni félagsgjalda í sama form og öðrum gjöldum til sjóða sambandsins eða úr 2% af dagvinnulaunum í fasta % af heildarlaunum. Fram kom að sú % þyrfti að vera 1,2% ef að um sömu tekjur ætti að vera að ræða. Þar sem verulega fjölgun hefur orðið í RSÍ telur miðstjórn að lækka megi hlutfallið eitthvað og var gjaldkerum félaga og sambandsins falið að útfæra tillögur í þá átt þar sem hámarkið yrði 1,15%.

4. Orlofsmál

Nýju húsin þjújú á Klaustri verða tekin í notkun nú í vor.

Samið hefur verið við Útivist um tvö stæði fyrir tjaldvagna í sumar á svæði þeirra í Básum í Þórsmörk.

Ljóst er að um einhverjar tafir verður að ræða við framkvæmdir í Ölfusborgum vegna mikils fannfergis.

Samþykkt var að kaupa 4 nýja og minni tjaldvagna.

Nokkrar deilur hafa komið upp við trésmiðafyriræki vegna breytinga á húsunum við Apavatn.

Fundi slitið kl. 15:30 Haukur Ágústsson